



Leikskólinn Hæðarból
Gardabæ



Þróun leikskólakennslu

með áherslu á að nýta sérhæfða fagþekkingu leikskólakennara til
kennslu í vinnustundum í samþættu og skapandi leikskólastarfi

Þróunarverkefni unnið skólaárin 2018, 2019 og 2020

Ábyrgðamaður verkefnisins:
Sigurborg Kristjánsdóttir leikskólastjóri

Leikskólinn Hæðarból, maí 2020

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Markmið verkefnisins	5
Leiðir	5
Mat á verkefninu	6
Mat barnanna ávinnustundunum	7
Mat kennara á vinnustundunum	7
Framvindu vinnustunda	8
Vinnustundir í bernskulæsi	8
Vinnustundir í stærðfræði	8
Vinnustundir í lífsleikni	8
Vinnustundir í tónmennt	9
Vinnustundir í íþróttum	9
Vinnustundir í myndlist	9
Vinnustundir í heimspeki	9
Vinnustundir með námsspil	9
Vinnustundir í útikennsla	9
Vinnustundir í lífsleiknikennsla með áherslu á 1-3 ára börn	10
Ráðstöfun styrks	10
Lokaorð	11

Inngangur

Í áfangaskýrslunni sem gefin var út fyrir ári síðan var gerð grein fyrir bakgrunni verkefnisins „*Þróun leikskólakennslu með áherslu á að nýta sérhæfða fagþekkingu leikskólakennara*“ sem hlaut styrk úr Þróunarsjóði leikskóla Garðabæjar vorið 2018. Verkefnið fékk áframhaldandi styrk vorið 2019 sem við erum afar þakklát fyrir þar sem við þörfnuðumst lengri tíma til þess þróa það og slípa svo við gætum skráð starfshættina í skólanámskránnu. Með skráningunni skuldbinda allir kennara, bæði þeir sem starfa við skólann og þeir sem síðar koma til starfa samkvæmt þessum starfsháttum.

Bæði starfsárin vorum við með menntaða leikskólakennara og reynslumikilla. Þessi öflug og metnaðarfulli hópur býr yfir mikilli sérfræðiþekkingu og margir búa yfir sérhæfingu sem þeir hafa þróað með sér í gegnum árin. Þessi sérhæfing hefur ekki nýst öllum börnum leikskólans sem skyldi vegna þess að börnin og kennararnir voru ekki samferða á deild. Foreldrar orðuðu það oft að barnið þeirra fengi ekki sömu tækifæri til náms og jafnaldrar á annarri deild vegna staðsetningu kennaras. Í ljós þessara staðreyndar var ákveðið að hrinda úr vör vinnustundum þar sem hver og einn kennari fengi að nýta styrkleika sína, börnunum á eldri deildum til heilla, samhliða því að tryggja að allir grunnþættir menntunar skiluðu sér með einum eða öðrum hætti í gegnum vinnustundavinnuna. Verkefnið var kynnt fyrir fulltrúum foreldraráðs og síðar öllum foreldrum og fékk það góðar undirtektir.

Áhersluþættir fyrra ársins voru sjö en í ljósi endurmats var ákveðið að hlusta á raddir foreldra barnanna á Hofi en þeir kölluðu eftir meiri samvinnu við eldri deildirnar þar sem það væri ekki það mikill aldursmunur á elstu börnum yngstu deildarinnar og yngstu börnum eldri deildanna. Til að koma til móts við þessi óskir var ákveðið að eftir áramótin, að aðlögun lokinni, yrði horft til þess að bjóða elstu börnunum á Hofi í vinnustundir með yngstu börnunum en þá ekki í þeim greinum sem unnið var með inni á deildinni. Því var ákveðið að bjóða þeim í stærðfræðistundir og nýta grunnkubbana einingakubbanna. Kennarinn sem helgaði sig vinnustundum í stærðfræði tók verkefnið að sér. Einnig var ákveðið að íþróttakennarinn tæki að sér íþróttakennslu fyrir yngstu börnin, en þá í sal. Ennfremur var ákveðið að fara af stað með markvissa lífsleiknikennslu á yngstu deildinni þar sem tveir kennarar á Hofi höfðu sótt sérsniðið námskeið, vorið 2019 hjá Barnaheill, um vináttu fyrir börn yngri en þriggja ára.

Seinna árið bættist einn hvalrekinn í kennarahópinn, kennari sem brann fyrir útkennslu með áherslu á náttúruvísindi. Því var ákveðið að hrinda úr vör vinnustundum í útkennslu með tveimur elstu árgöngunum.

Markmið verkefnisins

Yfirmarkmið verkefnisins var að þróa leikskólastarfið á þann hátt að nýting mannauðs og sérhæfð fagþekking yrði sem mest í samþættu skapandi starfi og leik barnanna. Í þessu fólst að sýna kennurum og börnum og hæfileikum þeirra viðurkenningu og virðingu á kærleiksríkan hátt í anda Uppbyggingarstefunnar sem við störfum eftir, þ.e. *Uppeldi til ábyrgðar*.

Kennararnir settu sér vegvísi í þessum anda sem á við um allt starfið og var í öndvegi á hverjum tímaseðli sem kennara hönnuðu sem umgjörð um hvern námsþátt sem þeir sinntu. Vegvísarnir tengdust beint þörfum og gildum leikskólans sem eru: „Að þarfirnar okkar allra; öryggi og umhyggja, áhrif og lýðræði, gleði og frelsi sveif yfir vötnum í öllum vinnustundunum. Þetta fól í sér að börnin gengu glöð, örugg og frjáls að verki, höfðu val upp að ákveðnu marki hvernig þau útfærðu viðfangsefnin og tóku ábyrgð á sjálfu sér.“

Síðast en ekki síst var horft til jafnrétti til náms sem enn einn áhersluþáttinn sem framangreind markmið byggðu á því öll börn óháð deild fengu tælifæri til þess að þroskast, rækta hæfileika sína og nema ákveðna námsgrein á eigin forsendum í gegnum leik með jafnöldrum sínum.

Leiðir

Í ljósi framangreindra markmiða höfum við skipulagt umgjörð starfsins þannig að börn og kennara flæddu með skipulögðum hætti milli deilda, tólf vikur á haust önn og tólf vikur á vorönn. Með því var kennurum gert kleift að fást við þann námsþátt sem þeir eru sterkastir í og brenna mest fyrir og öll börnin fengu að njóta þess besta í námi og leik. Áhersluþættir í starfi faggreinakennaranna, sem jafnframt voru verkefnastjórar hver á sínu sviði, var á:

1. bernskulæsi,
2. stærðfræði og rúmskynjun, yngstu börnin á Hofi bætturs í hópinn í upphafi ársins 2020
3. lífsleikni,
4. tónmennt
5. íþróttir
6. skapandi starf
7. heimspeki með elstu börnum, bættist við á miðju fyrra ári
8. námsspil, bættist við á miðju fyrra ári
9. útikennsla með áherslu á náttúruvísindi bættist við seinna árið
10. lífsleiknikennsla með áherslu á 1-3 ára börn, bættist við seinna árið

Eins og fyrra árið útbjuggu allir kennarar tímaseðla um þann námsþátt sem þeir sinntu. Tímaseðillinn var þannig umgjörð um þau verkefni sem tekist var á við í hverri vinnustund, markmið og leiðir auk verkfæra sem voru notuð. Leitast var við að hafa umgjörðina sveigjanlega þannig að hún tók mið af og lagaði sig að börnunum, áhugasviði þeirra og sterkum hliðum. Þannig var tryggt að börnin þurftu ekki að aðlaga sig einhliða að umgjörðinni þannig að það kæmi niður á gleðinni og fjölbreytileikanum í barnahópnum, sjá fylgiskjal 1. dæmi um tímaseðla í vinnustundum.

Með því hagræði í skipulagi sem verkefnið skapaði var einnig hægt að hafa færri börn í hverjum aldursskiptum hóp en ella. Þannig voru 4-7 börn í hverjum hóp, flest í elsta árgangi og fækkar svo með lægri aldri barnanna. Húsnæðið nýttist einnig mun betur en áður og helgast það m.a. af því að öll rými voru notuð, t.d. er lítið sérkennsluherbergi skólans nýtt fyrir spil og leiki, í salnum sem jafnframt er matsalur var stærðfræðistöð og einnig voru hverju sinni allmörg börn í íþróttum og leikjum úti. Útisvæðið og nánasta umhverfi var því nýtt mun betur og börn og kennarar dreifðust betur í litlum hópum um húsið og töluðu kennarar um mun betri hljóðvist í kjölfarið.

Hver kennari var með sína kennslu/leikstofu sem hann mótaði í samspili við börnin og birtingarmynd stofunnar endurspegladi þann námsþátt sem þar fór fram. Kennararnir sem sáu um kennsluna eru sérfræðingar í því að nýta frjálsan og skipulagðan leik til þess að koma áherslum sínum í gagnið en eins og alþjóð veit læra börn best í gegnum leik.

Það var gleðilegur lestur fyrir verkefnisstjórana og stjórnendur leikskólans að fá úttekt Menntamálastofnunar þar sem staðfestu var að unnið væri markvisst með alla grunnþætti menntunar og námsvið aðalnáskrá í gegnum vinnustundirnar. Sömuleiðis töldu þeir starfshættina til fyrirmyndar og lögðu áherslu á að starfshættirnir yrðu staðfestir í skólanámskrá.

Mat á verkefninu

Þróunarverkefni krefst símats og var sest reglulega niður bæði starfsárin til þess að meta stöðuna, hvað hafi gengið vel og hvað síður og farið yfir ástæður þess sem síður gekk og ný leið vörðuð í ljósi niðurstaðna greiningavinnunnar. Helstu matsleiðir voru vikulegir deildar- og stjórnendafundir, mánaðarlegir starfsmannafundi ásamt formlegum fundum verkefnastjóranna sem voru haldnir tvisvar á hverri önn. Í lok fyrra starfsársins komu allir starfsmenn að matinu á starfsmannafundi. Á seinni árinu var einn formlegur fundur á haustönn og einn á vorönn. Vegna Kórónuveirunnar var ekki hægt að ljúka matsferlinu og ákvað því stjórnendateymið á Skypefundi að nýta niðurstöður matsfundarins sem haldinn var í lok febrúar, með öllum verkefnisstjórum, að hafa þann fund sem lokamatsfund og skrifa skýrslu í ljósi þeirra niðurstaðna.

Það urðu nokkrar hindranir á vegi okkar við innleiðingu verkefnisins, sérstaklega seinni veturinn. Íþróttatímarnir gengu ekki eftir sem skyldi vegna mikillar fjarveru íþróttakennarans báðar annirnar. Listgreinakennarinn sem byrjaði í upphafi skólaársins hætti um áramót en við urðum mjög heppin þegar myndlistakennari sem ráðinn var í sérkennslu tók verkefnið að sér eftir áramótin.

Mat barnanna ávinnustundunum

Fyrri árið var gerð viðtalskönnun meðal tveggja elstu árgangan á hausönn en á vorönn var talað við þrjá elstu árgangana, sjá fylgiskjal 2, (mat barnanna á vormisseri 2019 á vinnustundum). Á seinna starfsárinu var gerð viðtalskönnun meðal tveggja elstu árganganna, sjá fylgiskjal 3, (mat barnanna á haustmisseri 2020 á vinnustundum). Niðurstöðurnar voru samhljóma í öllum viðtölunum á báðum starfsárunum, öll börnin voru ánægð í vinnustundunum utan eins barns. Þau rökstuddu svörin sín og nefndu dæmi um það sem væri skemmtilegt í vinnustundunum. Þessi niðurstaða tónar vel við niðurstöður rýnihópsins sem fulltrúar menntamálastofnunar gerðu í byrjun nóvember. Ekki var gerð könnun meðal foreldra um viðhorf þeirra til vinnustundanna. Hinsvegar kom ánægja mjög skýrt fram foreldra í foreldrakönnun Skólapúlsins vor 2019 sem og í rýnihópsviðtölum meðal foreldra sem fulltrúar menntamálastofnunar gerð í nóvember.

Mat kennara á vinnustundunum

Matsfundir á seinna starfsárinu voru einu sinni á haustönn og aftur í febrúar. Í ljósi skerðingar á skólastarfinu var ákveðið á Skypefundi stjórnendateymis í apríl að niðurstöður febrúarfundarins yrði fókrið í þessa skýrslu, þar sem þá lá fyrir að börnum yrði ekki blandað meira saman milli deilda innanhús þar sem eftir lifði skólaársins.

Helstu hindranir á seinna árinu voru vinnustundir í íþróttum sem féllu alloft niður. Það leiddi til þess að börnin urðu eftir í heimastofu og mikið álag skapaðist á það rými sem og á kennarann sem var með umsjón yfir heimastofu í það og það skiptið. Þá var tekin sú ákvörðun eftir áramótin að stytta vinnustundir í sköpun sem leiddi til árekstra við aðrar vinnustundir en áður voru vinnustundir í sköpun eina klukkustund. Á matsfundinum í febrúar og í starfsmannaviðtölunum kom fram að allir kennarar vildu halda vinnustundunum áfram, þeir sögðu að börnin væru rólegri og líðan þeirra betri í litlum hópum. Þegar vinnustundir voru í gangi ræddu nokkrir foreldrar um að þeir merktu betri líðan barna sinna þegar þau komu heim og sögðu þau vera í betra jafnvægi. Þegar vinnustundir féllu niður eða þegar vinnustundalotur voru ekki í gangi merktu bæði kennarar og foreldra meiri ójafnvægi í líðan barnanna og bæði börn og foreldrar spurðu æði oft um hvenær vinnustundalotur hæfust á nýjan leik.

Við ræddum þá tilgátu í starfsmannahópnum að þegar kennari væri með litlum barnahópi og gæti sinnt hverju og einu barni betur líkamleg og andlega sem og að kennari væri andlega og líkamlega til staðar veitti það börnum öryggi.

Verkefnisstjórar voru spurðir hvort þeir vildu sleppa vinnustundum en allir töldu sitt framlag til kennslunnar mikilvægt. Einnig voru kennarar í starfsmannaviðtölunum spurðir hvort það ætti að hafa vinnustundaloturnar styttri en enginn var á þeirri skoðun þar sem börnin væru rólegri þegar þau væru í vinnustundum. Hins vegar voru allir á því að það þyrfti skipuleggja vinnustundirnar betur, dreifa þeim betur yfir daginn, gefa lengri tíma í vinnustundir til sköpunar og horfa til þess að börn sem koma úr útikennslu geti farið í frjálsan leik inni í stað þess að fara beint í frjálsan leik úti. Þetta er samhljóma því sem fram kom hjá börnunum í rýnihópsviðtölum sem fulltrúar menntamálastofnunar gerðu í

nóvember á sl. ári. Þá var samhljómur meðal kennara um að það þyrfti að sníða vankantana af, ígrunda stundatöflurnar og taka tillit til þess við gerð næstu stundaskráargerðar.

Í úttekt menntamálastofnunar kom fram að verkefnið og starfshættir í kringum það væri til fyrirmyndar og var hvatt til þess að skár starfshættina í skólanámskrána.

Framvindu vinnustunda

Hér verður gerð grein fyrir mati verkefnisstjóra á vinnustundunum sem þeir báru ábyrgð á síðara starfsári. Þeir voru á einu máli um að það þyrfti að aðlaga tímaseðlana að hverjum barnahópi fyrir sig þar sem samsetning hópsins breytist milli ára en vel væri hægt að styðjast við seðlana ár frá ári þar sem á þeim komi fram viðfangsefni, markmið vikunnar, leiðir að markmiðunum, verkfæri sem notuð eru í vinnustundunum og mat og greining á þeim.

Vinnustundir í bernskulæsi

Verkefnisstjóri á síðast ári hætti vegna aldurs og því tók annar kennari við stundunum seinna árið. Nýi verkefnisstjórinn þróaði tímaseðlana að mestu frá grunni en rak sig á að hún hafi farið of bratt af stað sérstaklega með yngri hópana fyrir áramót en seinna misserið hafi hún hægt á sér en gat haldið sínu striki með eldri hópana. Í viðtölum við börnin sem tekin voru eftir haustönnina meðal tveggja elstu árganganna svöruðu allflest því að það væri gaman í vinnustundum í bernskulæsi.

Vinnustundir í stærðfræði

Vinnustundirnar gengu vel og enn betur eftir að hafa kynjaskipt stundunum. Við greiningu kom í ljósi að kynin völdu sér mismunandi verkefni til þess að nálgast markmið verkefnisins hverju sinni og í ljósi þess ákvað verkefnisstjórinn að beyta leiðum hægt og rólega til þess að mæta áhugasviðum kynjanna. Hún studdist samt að mestu við tímaseðlana sem hún þróaði á fyrra ári. Til framtíðar litið sagði hún að það þyrfti að huga að hópastærðinni auk þess sem stuðningsaðili þyrfti að fylgja börnum, sem eru með úthlutaðan sérkennslutíma, í vinnustundirnar. Í viðtölum við börnin sem tekin voru eftir haustönnina meðal tveggja elstu árganganna svöruðu allflest því að það væri gaman í vinnustundum í stærðfræði.

Þegar elstu börnin á yngstu deildinni byrjuðu í vinnustundum eftir áramótin taldi hún salinn of stóran fyrir þau og fór því með þau í fataherbergið sem gekk mun betur. Hún taldi þessar fáu stundir sem hún var með þennan hóp gefa til kynna að það hafi verið lærdómsríkt fyrir yngstu börnin af kynnast einingakubbum.

Vinnustundir í lífsleikni

Heilt yfir gegnu vinnustundirnar vel á báðum önnum. Verkefnisstjóri sagðist hafa stuðst við tíma-seðlana frá fyrra ári en hún hafi þurft að aðlaga stundirnar að hverjum hópi fyrir sig í ljósi samsetningu barnahópsins. Hún sagðist hafa kynjaskipt elsta hópnum eftir áramótin sem hafi gefist vel. Þar sem verkefnisstjórinn er sá sem tók viðtölin við börnin eftir haustönnina voru þau ekki spurð út í stundirnar í lífsleikni sökum líkum á sveigð í svörum.

Vinnustundir í tónmennt

Vinnustundir gegnu að jafnaði vel og voru börnin virki í stundunum. Kennarinn studdist að mestu við tímaseðla síðast árs. Að jafnaði var mikil gleði og mikið fjör í stundunum og börnin virk í þeim. Í viðtölum við börnin sem tekin voru eftir haustönnina meðal tveggja elstu árganganna svöruðu allflest því að það væri gaman í vinnustundum í tónmennt.

Vinnustundir í íþróttum

Vinnustundir í íþróttum gengu vel fyrir sig þegar þær voru en féllu alloft niður vegna fjarveru kennarans. Í viðtölum við börnin sem tekin voru eftir haustönnina meðal tveggja elstu árganganna svöruðu allflest því að það væri gaman í vinnustundum í íþróttum.

Vinnustundir í myndlist

Verkefnisstjóra á haustönnina hvarf til nýrra starfa eftir önnina og á vorönn tók núverandi verkefnisstjóri við. Ákveðið var að hafa stundirnar á vorönn ½ klst. í stað einna klst. áður en það kom í ljós að það hentaði engan veginn, tíminn alltof stuttur sem leiddi til þess að börnin urðu of sein í næstu vinnustund. Mat verkefnisstjórans var að horfa þurfi þess að hafa stundirnar lengri þegar stundatöflugerðin verður sett saman fyrir næsta starfsári. Öll börnin svöruðu því til að það væri gaman í myndlistartímum.

Vinnustundir í heimspeki

Vinnustundir í heimspeki gegnu vel en þær bættust við verkefnið á seinni hluta fyrra ársins. Í ljósi barnahópsins var ákveðið að vera eingöngu með heimspekitíma með elstu börnunum sem gafst vel. Í viðtölum við börnin sem tekin voru eftir haustönnina meðal tveggja elstu árganganna svöruðu allflest því að það væri gaman heimspekitímum.

Vinnustundir með námsspil

Vinnustundir í spilum gengu vel fyrir sig á bæði starfsárin nema seinna árið gengu þær ekki sem skyldi á haustönn með yngstu börnunum á Hofi vegna tímasetningar en á seinni önninni gengu þær vel. Verkefnisstjórinn á seinni árinu ákvað að styðjast við sömu tímaseðlana með yngri börnunum en tók upp spilastokka með þeim eldri og kynjaskipti þeim sem var farsæl ákvörðun. Munur var þó á getu drengja og stúlkna. Þegar börnin voru spurð í viðtalskönnuninni sögðu þau öll að spilastundirnar væru skemmtilegar.

Vinnustundir í útikennsla

Vinnustundir í útikennslu voru í boðið fyrir tvo elstu árgangana og slógu stundirnar alveg í gegn hjá börnunum. Stundirnar voru kynjaskiptar og voru þær aldrei skemmri en klukkustund og ofar en ekki lengri þar sem þær voru settar inn eftir hádegið og voru ekki að skarast á við aðrar vinnustundir. Hópurinn tók oft með sér nesti og tjald í ferðirnar þegar þannig viðraði. Þegar börnin voru spurð um vinnustundir í útikennslu svöruðu allflest því að þær væru skemmtilegar.

Vinnustundir í lífsleiknikennsla með áherslu á 1-3 ára börn

Í vinnustundunum í lífsleikni fyrir börn 1-3 ára var unnið með tilfinningarnar; gleði, leiða, sorg og reið. Lögð var áhersla á að nota m.a. tónlist, nudd og hópleiki til þess að efla félagsþroskann. Bangsinn Blær var virkur í stundunum og kenndi börnunum að orða tilfinningar sínar sem þau gátu síðan yfirfært í daglegum athöfnum og vísað í Blæ. Tveir kennarar sáu um kennsluna og var raðað í hópana ýmist eftir efnistöfum eða aldri. Mat kennara var að verkefnið hafi gefist vel og mikilvægt að halda þeim áfram.

Ráðstöfun styrks

Seinna starfsárið fékk leikskólinn úthlutað úr þróunarsjóð kr. 850.000.- Við erum óendanlega þakklát fyrir þennan stuðning. Á fundi með verkefnisstjórum í febrúar var sammælt um að greiða þeim sem þurftu að smíða nýja tímaseðla verktakagreiðslur. Ennfremur var ákveðið að nýta restina til þess að styðja við og styrkja vinnustundirnar með námsgangakaupum svo sem námsspil, verkfæri til listgreinakennslu, verkfær í náttúruvísindi og íþróttáhöld.

Styrkurinn var nýttur eftirfarandi:

Laun/verktakagreiðslur:

Verkefnastjórnir kr. 250.000,-

Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla:

Engin

Gögn:

Ýmis námsspil kr. 143.781,-

Vörur til listsköpunar kr. 194.398,-

Vörur til kennslu í náttúruvísindum/ útikennslu kr. 100.000,-

Vörur til íþróttaiðkunar kr. 111.281,-

Önnur vörukaup kr. 50.540,-

Samtals kr. 850.000,-

Lokaorð

Við erum óendanlega þakklát leikskólanefnd fyrir að veita okkur styrk til verkefnisins og að hafa trú á því, án þess hefðum við ekki lagt upp í þessa vegferð með hugmyndina. Við erum líka afar þakklát foreldrum fyrir að hafa trú á verkefninu og síðast og ekki síst kennurum sem tóku þátt í verkefninu sem lögðu á sig ómælda vinnu við gerð tímaseðla. Tímaseðlarnir sem verkefnisstjórnir skyldu eftir sig sem gagnasafn fyrir leikskólann á eftir að nýtast núverandi kennurum og kennurum sem eiga eftir að starfa við skólann í framtíðinni.

Verkefnið hefur orðið starfsmannahópnum á Hæðarbóli mikil lyftistöng og hvatning. Það hefur valdeflt kennarahópinn sem birtist meðal annars í vönduðum greinaskifum í Garðapóstinum á vorönn 2019. Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins staðfestur einnig ánægju foreldra með verkefnið. Menntamálastofnum taldi verkefnið til fyrirmyndar og hvatti til þess að skrá starfshættina í skólanámskrá leikskólans. Það hefur þjappað frábærum kennurum enn betur saman en áður og samvinna milli deilda og þvert á deildir hefur aukist. Börnin fá nú að kynna því besta sem býr í hverjum kennara þegar horft er á sérhæfingu og sérþekkingu hvers og eins. Að mati kennara og foreldra er meiri ró yfir börnunum þegar vinnustundaloturnar eru í gangi, þau öruggari með sig og kalla eftir þeim þegar þær falla niður. Að lokum vil ég tileinka kennarahópnum mínum orð Edward E. Hale

Þeir horfa upp en ekki niður

Þeir horfa fram á veg en ekki um öxl

Þeir horfa út á við en ekki inn og

leggja öðrum lið

Garðabær í maí 2020

Leikskólastjóri, ábyrgðarmaður verkefnisins